

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 34. fundur.

að Hlíðavegi 6, 13. mars 2008, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ráðningar í sumarstörf.
3. Samstarfssamningur Slökkviliðs Skútustaðahrepps og Landsvirkjunar/Kröflustöð.
4. Bréf frá Illuga Má Jónssyni vegna lausagöngu hunda.
5. Uppsögn.
6. Fundargerð Veitnanefndar frá 11. mars.
7. Námsskrá Leikskólans Yls.
8. Breyting á aðalskipulagi við Skútustaði.
9. Ósk um auglýsingu á deiliskipulagi í landi jarðarinnar Skútustaða 2.

### Til kynningar:

- Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags v/skólamálaráðstefnu dags. 4.mars.
- Bréf frá Daníel Frey Jónssyni, formanni stjórnar BKNE.
- Bréf frá Stefáni Gíslasyni verkefnisstj. Staðardagskrár 21 dags. 25. febrúar.
- Afrit af bréfum Skipulagsstofnunar til Landsnets dags. 13 og 14. febrúar.
- Fundargerð stjórnar Eypings með þingmönnum kjördæmisins dags. 15. febrúar.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Elín Steingrímisdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 8 og 9 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

### 2. Ráðningar í sumarstörf.

Borist hafa þrjár umsóknir um starf í áhaldahús, frá Þorbergi Ásvaldssyni, Erni Haukssyni og Sigurði Baldurssyni. Sveitarstjórn samþykkir að ráða Örn og Þorberg til starfans.

### 3. Samstarfssamningur Slökkviliðs Skútustaðahrepps og Landsvirkjunar/Kröflustöð.

Fyrir fundinum liggur m.f. samstarfssamningur á milli Slökkviliðs Skútustaðahrepps og Landsvirkjunar Kröflustöðvar.

#### Samstarfssamningur

Landsvirkjun Kröflustöð og Slökkvilið Skútustaðahrepps. gera með sér eftirfarandi samning.

#### 1. Markmið

Markmið samningsins er að efla brunavarnir á rekstrarsvæðum Landsvirkjunar í Skútustaðahreppi.

#### 2. Framlag Slökkviliðs Skútustaðahrepps

##### 2.1 Fræðsla

Slökkviliðið tekur að sér að koma í aflstöðvar og önnur mannvirki Landsvirkjunar eigi sjaldnar en árlega og halda þar slökkviæfingar með starfsmönnum stöðvanna. Samhliða æfingum kynnir slökkviliðið sér staðhætti og slökkvibúnað í mannvirkjunum. Slökkviliðsstjóri Skútustaðahrepps í samráði við viðkomandi stöðvarstjóra Landsvirkjunar, meta árlega þörf á námskeiðshaldi sem skal vera hluti af fræðsluáætlun viðkomandi stöðvarmanna.

##### 2.2 Æfingar

Æfingar skal halda samkvæmt samkomulagi. Æfingar skulu bæði vera verklegar og fræðilegar og skulu skipulagðar af slökkviliðsstjóra í samráði við stöðvarstjóra. Unnið skal VIN-115 „Þjálfun í brunavörnum og slökkvistarfi“.

#### 3. Framlag Landsvirkjunar

3.1 Landsvirkjun veitir Slökkviliðinu nauðsynlega fræðslu svo sem teikningar af húsaskipan, eldvarnakerfum o.fl.

3.2 Eftir hverja æfingu skulu aðilar halda fund þar sem rædd er framkvæmd æfingarinnar Ástand búnaðar á svæðinu og tillögur til úrbóta.

3.3 Landsvirkjun greiðir fyrri umrædda þjónustu Kr.100.000,00 árlega að lokinni æfingu

#### 4. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir næstu fimm árin eða til 15.mars 2013 Samningurinn er uppsegjanlegur með árs fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila og skal hvert þeirra um sig teljast fullgilt frumrit samningsins.

15. mars 2008

F.h. Slökkviliðs Skútustaðahrepps

F:h. Landsvirkjunar Kröflu

Stefán Gunnarsson formaður

Birkir Fanndal Haraldsson

Slökkviliðsstjóra falið að undirrita samninginn.

**4. Bréf frá Illuga Má Jónssyni vegna lausagöngu hunda.**

Borist hefur bréf frá Illuga Má Jónssyni dags. 10. mars, þar sem kvartað er undan lausagöngu hunda í þorpinu. Um er að ræða þrjá hunda. Hann er hundaeignandi sjálfur og fer eftir þeim reglum sem um hundahald gilda í sveitarfélaginu. Því sé óþolandi að aðrir geri það ekki líka. Sveitarstjóra falið að bregðast við erindinu.

**5. Uppsögn.**

Borist hefur uppsagnarbréf frá Hrafnhildi Geirsdóttur þar sem hún segir starfi sínu við heimilishjálp lausu frá og með 30. apríl n.k.

**6. Fundargerð Veitnanefndar frá 11. mars.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að nefndarmenn hafi farið yfir þau sex tilboð sem bárust í vatnstankinn. Eitt tilboðið er frávikstilboð. Athygli vekur að heildarverð tilboðanna er mjög svipað þrátt fyrir að verðlagning einstakra liða sé mjög mismunandi. Öll tilboðin eru töluvert yfir kostnaðaráætlun. Aðallega eru það þrír liðir sem skilja að kostnaðaráætlunina og tilboðin þ.e. steypuvinnan, málmsmíðin og undirbúningur framkvæmda. Tilboðin verða send Verkfræðistofunni Fjarhitun til yfirferðar. Í þriðja lið fundargerðarinnar vill veitnanefnd leggja áherslu á að þrýst verði á Fjarhitun að ljúka seinni hluta skýrslunnar um ástand veitnanna sem átti að liggja fyrir s.l. haust. Jón Óskar fór yfir bágt ástand veitunnar út á tjaldstæðin við Hlíð og út á flugvöll en verulegur misbrestur er á að nægilegt heitt vatn fáiast þangað. Jóni falið að koma með tillögu að úrbótum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fundargerðina.

**7. Námsskrá Leikskólans Yls.**

Fyrir fundinum liggur námsskrá Leikskólans Yls. Sveitarstjórn fagnar fyrirbyggjandi námsskrá og telur að hér sé prýðisplagg á ferð.

**8. Breyting á aðalskipulagi við Skútustaði.**

Breyting á aðalskipulagi Skútustaðarhepps 1996-2015. Fyrir fundinum liggur tillaga að breytingu á aðalskipulaginu ásamt greinargerð, unnin af Per Christensen, Tækniþingi (vnr. 07.14.93.02)

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að afla heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna í samræmi við skipulagslög.

**9. Ósk um auglýsingu á deiliskipulagi í landi jarðarinnar Skútustaða 2.**

Borist hefur erindi frá Birni Yngvasyni Skútustöðum 2b, þar sem óskað er eftir að auglýst verði deiliskipulagstillaga að fyrirhuguðu íbúðasvæði og verslunar- og þjónustusvæði í landi jarðarinnar. M. f. erindinu er deiliskipulagsuppdráttur unnin af Per Christensen, Tækniþingi (vnr. 07.14.93.01) ásamt greinargerð. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna og felur sveitarstjóra að afla heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna í samræmi við skipulagslög.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Elín Steingrimsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.